



Fræðsludagskrá Ylstrandarinnar 2014

Hér fyrir neðan má sjá þá fræðslu sem verður í boði á vegum Ylstrandarinnar 2014. Þátttaka er í öllum tilfellum ókeypis. Fræðsludagskráin er hluti af þátttöku strandarinnar í Bláfánaverkefninu.

Dagsetning	Efni	Staðsetning
15. maí fimmtudagur Kl. 14	Bláfánafræðsla Ylströndin flaggar Bláfána með stolti en Bláfáninn er útbreiddasta umhverfisviðurkenning í heimi. En hvað felst í því að flagga Bláfána? Hvaða kröfur eru gerðar um hreinleika strandarinnar og aðstöðu? Sagt verður frá verkefninu, sögu þess og útbreiðslu um allan heim. Í umsjón Katrínar Magnúsdóttur verkefnastjóra Bláfánans á Íslandi. Allir velkomnir	Við heita pottinn
20. maí Þriðjudagur Kl. 9 - 11	Náttúruleikir Í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Á námskeiðinu verða kenndir leikir sem hjálpa yngstu nemendunum að upplifa og skynja umhverfi sitt. Í þeim er lögð áhersla á að nota sem flest skynfæri og að auka orðaforða nemendanna. Í umsjón Helenu Óladóttur, verkefnisstjóra Náttúruskólans. Fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara á yngsta stigi og aðra sem starfa með börnum. Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst á natturuskoli@reykjavik.is	Ylströnd
25. maí Sunnudagur Kl. 13-14	Fuglarnir í fjörunni Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri „Reykjavík - iðandi af lífi“ segir frá fuglífinu í fjörunni við Ylströndina og á leirunni í voginum. Gengið verður um fjöruna í u.þ.b. eina klukkustund og fuglalífið skoðað. Kíkir er nauðsynlegur. Allir velkomnir	Frá Suðurhlíðaskóla
28. maí Miðvikudagur Kl. 15 - 17	Stærðfræði og útikennsla Í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur Útinám er skemmtileg aðferð til að auðga stærðfræðikennslu á öllum stigum grunnskólans. Á námskeiðinu verður farið í ýmsa stærðfræðileiki og verkefni sem nýtast til kennslu í umhverfi fjörunnar en krefjast lítils viðbótarundirbúnings kennara. Verkefni spanna öll stig grunnskólans, þau fjalla um tölur og talnaskilning, reikniaðferðir, mynstur og regluleika í umhverfinu og algebru. Í umsjón Helenu Óladóttur, verkefnisstjóra Náttúruskólans. Fyrir grunnskólakennara, jafnt stærðfræðikennara sem almenna. Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tölvupóst á natturuskoli@reykjavik.is	Ylströnd
15. júní Sunnudagur Kl. 11	Dagur villtra blóma – gengið um Nauthólsvík Árlega er haldið upp á sameiginlegan dag villtra blóma á Norðurlöndum. Í Reykjavík verður gengið um Nauthólsvík, plöntur greindar til tegunda, fjallað um gróður svæðisins og starfsemi Flóruvina kynnt. Gestir eru hvattir til að taka með sér flóruhandbækur og stækkunargler. <i>Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins og Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri Reykjavíkur iðandi af lífi.</i> Allir velkomnir	Frá þaki Ylstrandarhússins

Bláfánaverkefnið er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum. Landvernd er umsjónaraðili Bláfánans á Íslandi en Alþjóðlegu umhverfismenntasamtökin Foundation for Environmental Education (FEE) sjá um rekstur verkefnisins á heimsvísu.



Nákvæmari tímasetning ákveðin síðar	Krabbaklapp Í samstarfi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn Í sjónum er lífríki sem er allajafna ekki sýnilegt. Sagt verður frá helstu sjávarlífverum á svæði Ylstrandarinnar og nokkur þeirra höfð til sýnis. Þeir sem vilja geta fengið að klappa kröbbum og handleika sjávarlífverur í sérstökum snertikerjum. Allir velkomnir	Ylströnd
Ágúst Nákvæmari tímasetning auglýst síðar	Jarðmyndanir Fossvogsbakka Fossvogsbakkar við Ylströndina eru friðlýstir sem náttúruvætti. Þar eru jarðminjar en í bökkunum eru sjávarsetlög frá lok ísaldar fyrir um 13.000 árum. Í setlöggunum er að finna ýmsa steingervinga, einkum skeljar lindýra. Þá er jökulset í löggunum sem gefa upplýsingar um sögu jökulhörfunar á svæðinu. Gengið verður um fjöruna að setlöggunum, sagt frá jarðfræðilegri tilurð svæðisins og bent á áhugaverð atriði sem liggja að öllu jöfnu ekki í augum uppi. Um leiðsögn sér Áslaug Geirsdóttir prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands. Allir velkomnir	Frá þaki Ylstrandarhússins